Reykjavík 5.des 2018

Til Fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Erindi: Ósk um styrk frá Fræðsluráði Hafnarfjarðar til GFF til uppgræðslu með hafnfirskum grunnskólabörnum á Vistvangi.

GFF hefur hafið starf með hafnfirskum skólabörnum um uppgræðslu á Vistvangi. Vistvang er að finna sunnan Krýsuvíkur og er núverandi athafnasvæði þar sem gamli vegurinn úr Herdísarvík mætir nýjum legg Krýsuvíkurvegar, um 500 m norðan við vegamótin við nýlegan Suðurstrandarveg. Geitahlíð og Stóra-Eldborg eru nálæg kennileiti.

Framlag skólabarna er sannarleg ekki eina starfið sem fram fer á Vistvangi, en er mikilvægt í uppeldislegum skilningi og hvað varðar menntun ungu kynslóðarinnar. Flensborgarskólinn kemur einnig við sögu og á Vistvangi er vélarafl notað til að koma hrossataði út á grundir og á sumrin eru þar erlendir sjálfboðaliðar við störf.

Í tengslum við erindi þetta hefur undirritaður, fyrir hönd GFF, komið tveimur plöggum í hendur embættismanna Fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Annað er kostnaðargreining við að starfrækja uppgræðslu með heilum árgangi skólabarna úr Hafnarfirði á Vistvangi og hitt er sundurliðun á kostnaðarþáttum auk lýsingar á starfsháttum við sjálfa aðgerðina.

Leiðangra er búið að prufukeyra í tvö ár. Vorið 2017 fór GFF með nemendur 4.bekkjar Setbergs- og Víðistaðaskóla á Vistvang, um 30 km leið. Haustið eftir var farið með sömu nemendur aftur. Þetta var síðan endurtekið vorið 2018 og þá einnig farið með nemendur 4.bekkjar Öldutúns- og Hvaleyrarskóla. Að hausti 2018 var farið með nemendur 6.bekkjar upphafsskólanna tveggja. Ekkert kom fram í þessum leiðöngrum sem hindrar að hægt sé að fara með heilan árgang skólabarna úr Hafnarfirði og óhætt að segja að alla jafna hafi verið hugur í þátttakendum.

GFF hefur áætlanir um að allir grunnskólar í Hafnarfirði taki þátt og leggi því lið að svæðið klæðist gróðri að nýju. Samtökin leggja verkefnið upp þannig að það nýtist nemendum í skólanámi.

Á plagginu þar sem kostnaðartölur eru framsettar sést að áætlaður árlegur kostnaður nemur alls 3.120.000- kr þegar allir 8 grunnskólar Hafnarfjarðar eru komnir til þátttöku. Óvíst er hve margir nemendur munu þá njóta þessarar þjónustu, talað er um 900 nemendur í plagginu (vor og haust), e.t.v. er það aðeins of há tala, en nemendafjöldinn er umtalsverður.

Annað sem vert er að nefna eru útreikningar sem nemendur geta framkvæmt af gögnum sem þeir sjálfir hafa aflað. Hér er sendur töflureiknir, (sýnishorn frá Setbergsskóla) eins og sá sem notaður hefur verið hingað til með nemendum. Þar má sjá fjóra flipa, **plöntun, uppmæling, hrágögn og úrvinnsla**.

plöntun: Mæligögn frá plöntunardegi.

uppmæling: Gögn frá annarri heimsókn. Hér hafa bæst við ný gildi fyrir hæð og breidd. Auk þess er útlitseinkunn, tölugildi 0-10 sem nemendur gefa plöntunni m.t.t. útlits og lífslíkna og greinastuðull sem segir hve mikið af nýjum greinum hefur vaxið á plöntuna.

hrágögn: Svona fá nemendur í hendur töfluna í skólastofunni og reikna sjálfir út **hækkun og breikkun**.

úrvinnsla: Fullbúið skjal þar sem töflureiknirinn hefur reiknað út rúmmál 1 & rúmmál 2, margföldun rúmmáls síðan plantan var gróðursett og sem er ekki minnst um vert, tekið á hvernig tekist hefur til við kolefnisbindingu. Neðst t.h. er svo að sjá hvað viðkomandi klasi hefur bundið af CO_2, koldíoxíði / koltvísýringi á tveimur sumrum.

Hér er ekki hægt að fara nákvæmlega ofaní reiknformúlur en þær eru teknar upp úr fræðiritum. Plöntur þegar þær eru settar niður eru ungar og litlar, nánast eins og lítil strá. Viðbætur í grömmum talið eru því hóflegar í byrjun en vaxa verulega þegar frá líður.

Hér er einnig sent sýnishorn af því hvernig má í skólastofunni láta nemendur vinna verkefni úr leiðöngrum sínum í skólastofunni. Ekki þarf að fjölyrða um brýnt erindi skólakerfisins inn á þetta svið. Uppgræðsla er gamalt keppikefli á Islandi og allt bendir til að á ævitíma yngri kynslóða verði mál tengd loftslagsbreytingum æ meir knýjandi og aðgerðir sem þessar eru mikilvægar í því að snúa því ferli við. Ef Hafnarfjörður sem bæjarfélag kemur að þessu í heild þá eru það býsna mikil tíðindi og myndi vekja verulega jákvæða athygli á bænum.

Að lokum vill undirritaður góðfúslega óska eftir að Fræðsluráð Hafnarfjarðar styðji þetta verkefni til frekari þroska og hafi til marks áætlaðan kostnað sem komnar eru til skrifstofu ráðsins.

Virðingarfyllst: _____

Björn Guðbrandur Jónsson, framkvæmdastjóri GFF

Hjálagt: Töflureiknir, gögn frá Setbergsskóla 2017 / 2018

Verkefnablað gert fyrir Setbergsskóla haustið 2017.

GRÓÐUR FYRIR FÓLK
Í LANDNÁMI INGÓLFS